

Sþ.

203. Tillaga til þingsályktunar

[107. mál]

um lagningu olíumalar á Vesturlandsveg.

Flm.: Axel Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera ýtarlegar tilraunir með lagningu olíumalar á fjölfarnasta kafla Vesturlandsvegur, þ. e. frá Ártúnshöfða að vegamótum Þingvallavegar.

Greinargerð.

Um Vesturlandsveg fer öll bifreiðaumferð til Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands og Austurlands. Auk þess er mikil umferð í hin þéttbýlu héruð Kjósarsýslu og um Þingvallaveg. Við Kollafjörð og víðar eru ströfkræktar malarnámur og efnið flutt þaðan til höfuðborgarsvæðisins.

Af öllu þessu leiðir, að umferð á Vesturlandsvegi um Mosfellssveit er gífurlega mikil, miklu meiri en vegurinn í núverandi mynd þolir. Ákveðin er endurbygging vegarins allt til Kollafjarðar, og er vegarstæðið ákveðið nær sjónum og utan við núverandi þéttbýli Mosfellssveitar, en lega vegarins nú veldur hættu og erfiðleikum, þar sem hann liggur um þéttbýlið.

Hinn nýi Vesturlandsvegur verður mjög kostnaðarsöm framkvæmd og tímafrek, því að víða er um erfitt land að ræða og mikil jarðvegsskipti nauðsynleg.

Ástand vegarins nú er þannig, að ekki getur dregizt að gera á honum endurbætur, þó svo að í lagningu nýja vegarins verði ráðizt hið fyrsta.

Á hvern hátt er þá helzt hægt að bæta veginn til bráðabirgða, en þó svo að gagni geti komið og án þess að það verði óviðráðanlega kostnaðarsöm framkvæmd?

Vegna þeirrar reynslu, sem nú er fengin af olíumöl, er eðlilegt að huga að, hvort þar er ekki að finna úrræði til endurbóta á malarvegum okkar. Undirbúningur undir lagningu á olíumöl er tiltölulega einfaldur. Lausleg kostnaðaráætlun við undirbúning og lagningu olíumalar á 10 km langan og 6 m breiðan veg er 4.5 millj. kr.

Svíar munu hafa mesta reynslu í notkun olíumalar. Þeir leggja olíumöl á vegi með allt að 1000 bifreiða umferð á dag, en malbika og steinsteypa þá vegi, sem hafa meiri umferð.

Vegna þess, hve nauðsynlegt er, að gerðar verði endurbætur á núverandi malarvegum, meðan við endurbyggjum þá, eftir því sem ástæður leyfa, getur komið til mála að reyna olíumöl á vegum, sem hafa yfir 1000 bifreiða umferð á dag.

Svíar endurbyggja ekki veginna undir olíumölinu, heldur leggja hana á hina troðnu malarvegi.

Viðgerð á olíumölinni er auðveld samanborið við t. d. malbik. Þegar vegurinn verður ósléttur, er hann heflaður og síðan valtaður á ný.

Hægt er að taka olíumölinu af og leggja hana á annars staðar, og er það einn höfuðkosturinn í þessu tilfalli, þar sem ákveðið er að breyta veginum frá því, sem lega hans er nú.